

7. stjórnarfundur HSV starfsárið 2016-2017.

Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsinu, miðvikudaginn 22. febrúar 2017 kl. 16.30.

Mættir eru Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Ingi Björn Guðnason, Karl Ásgeirsson og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fyrirspurn frá SFÍ vegna íþróttaskóla HSV
Lagt fram til kynningar
2. Heimsókn til Danmerkur á vegum UMFÍ
Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) stefnir á hópferð forsvarsmanna ungmennafélagshreyfingarinnar á landsmót DGI í Álaborg í Danmörku dagana 28. júní – 3. júlí næstkomandi. Markmið ferðarinnar er að taka þátt í þessum stærsta viðburði DGI, sem hefur verið í mikilli þróun síðustu ár og þátttaka ungs fólks aukist mikið. Jafnframt er það markmið ferðarinnar að læra af reynslu Dana og færa þekkinguna heim. Sérstök áhersla verður á að skoða hvernig Dönun hefur tekið að auka hlut ungmenna á mótinu og þannig gefa þátttakendum verkfæri til að mæta þörfum ungs fólks betur. Skráning er til 28. apríl nk. Verð er hefur ekki endanlega verið ákveðið, beðið er eftir afgreiðslu styrkbeiðna.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að óska eftir 2 sætum fyrir HSV með fyrirvara um kostnað.
3. Landsmótsnefnd HSV

Stofna þarf landsmótsnefnd HSV sem mun halda utan um þátttöku aðildarféлага HSV á landsmótum UMFÍ. Formaður og framkvæmdastjóri vinna málið áfram.
4. Fundur íþrótt- og tómsbundanefndar
Fundargerð 175 fundar Íþrótt- og tómsbundanefndar lögð fram til kynningar.
5. Hreyfivika
Hreyfivika UMFÍ verður haldin í 29. maí til 4. júní næstkomandi. HSV mun taka þátt í ár líkt og síðustu tvö ár. Vonar stjórn HSV til að þátttaka verði áfram vaxandi hér á svæðinu. Stjórn HSV hvetur aðildarfélög HSV til að taka þátt í hreyfivikunni og vera með viðburði og kynningar.
6. Tímasetning ársþings
Lagt til að halda ársþing HSV 17. maí í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði.
7. Nýr Felix!
Lagt fram til kynningar. Í dag var opnaður nýr vefur Felix.is, skráningarkerfi ÍSÍ og UMFÍ. Haldið verður námskeið fyrir aðildarfélög HSV um notkun kerfisins í lok mars.
8. Önnur mál
 - a. Iðkendamál HSV hjá Verði. Stjórn felur framkvæmdastjóra að afla upplýsinga um iðgjöldin. Einnig lögð áhersla á að kynna iðgjöld og tryggingar á formannafundi.